

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

1. gr.

MARKMIÐ

Markmið endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga.

2. gr.

NEFNDARMENN

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga og gildandi reglur og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins. Stjórn ákvarðar þóknun nefndarmanna og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir ársfund. Nefndin skal starfa fram að næsta ársfundi sjóðsins. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður lífeyrissjóðnum. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skulu ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Starfsreglur þessar skulu vera aðgengilegar nefndarmönnum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu.

3. gr.

HEIMILDIR

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan lífeyrissjóðsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum og í samræmi við þær reglur sem gilda um upplýsingaöflun stjórnar. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, ytri og innri endurskoðendum og hefur heimild til að kalla til stjórnendur og starfsmenn á fundi nefndarinnar. Starfsmenn lífeyrissjóðsins skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd hefur heimild og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar.

4. gr.

ÁBYRGÐ

Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar lífeyrissjóðsins, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðenda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

WT
SFS Ry
AS
68 JH
YK

Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 6. gr. þessara reglna.

5. gr.

FUNDIR

Endurskoðunarnefnd heldur að lágmarki fjóra fundi á ári og er gert ráð fyrir að allir nefndarmenn séu viðstaddir. Meiri hluti nefndarmanna ræður niðurstöðu. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendur eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Framkvæmdastjóri og ritari endurskoðunarnefndar skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir. Að lágmarki árlega skal nefndin hitta innri og ytri endurskoðendur án þess að stjórnendur séu viðstaddir. Formaður skal boða til fundar að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Formaður stýrir fundum. Fjármálastjóri sjóðsins er ritari endurskoðunarnefndar og sér um boðun funda í umboði formanns nefndarinnar. Dagskrá og öðrum fundargögnum skal dreift til nefndarmanna með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af fundarmönnum og afrit afhent nefndarmönnum og stjórn. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar. Fundargerðir skulu varðveisittar í númeraröð. Á fyrsta fundi eftir ársfund lífeyrissjóðsins skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 6. gr. þessara reglna.

6. gr.

VERKEFNI

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli lífeyrissjóðsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda lífeyrissjóðsins eins og nánar er tilgreint hér á eftir og í satmræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitaefni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum lífeyrissjóðsins við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkit reikningana. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnenda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir skýrslu stjórnar lífeyrissjóðsins áður en hún er gefin út.

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með að skýrslugjöf til opinberra aðila (m.a. til Fjármálaeftirlitsins) sé með tryggum hætti.

2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn lífeyrissjóðsins tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að lífeyrissjóðurinn hafi innleitt innra eftirlit á þann hátt að innleiddar

H
B
SFC
AS
MK

eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert sé markmið með eftirlitinu. Nefndin yfirfer með stjórnendum lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit, áhættustýring og innri endurskoðun virki sem skyldi.

Endurskoðunarnefnd gerir tillögu til stjórnar sjóðsins um ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda lífeyrissjóðsins. Nefndin fer yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun, mikilvægar niðurstöður innri endurskoðunar ársins og viðbrögð stjórnenda við þeim. Nefndin tryggir enn fremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðenda. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

Formaður endurskoðunarnefndar skal taka við ábendingum um sviksemi (e. whistleblower) og gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til vitundar nefndarinnar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir helstu niðurstöður endurskoðunarvinnunnar. Nefndin skal m.a. spyrja að því hvort sérstök atriði hafi komið upp við endurskoðunina sem endurskoðendur vilja vekja athygli á, hvort ágreiningur hafi komið upp milli endurskoðenda og stjórnenda og hvort endurskoðendur hafi fengið þann aðgang að upplýsingum sem þeir óskuðu eftir við endurskoðunina. Nefndin skal sömuleiðis afla upplýsinga frá stjórnendum lífeyrissjóðsins hvort þeir hafi athugasemdir við endurskoðunina í samræmi við starfsemi lífeyrissjóðsins. Endurskoðunarnefnd skal fá til yfirferðar skýrslur um endurskoðunarvinnuna og endurskoðunarskýrslu. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti við gerð reikningsskila, sbr. 108. gr.d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp í tengslum við endurskoðunina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir að farið hafi verið að lögum um endurskoðun, m.a. lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og lög nr. 3/2006 um ársreikninga, einnig alþjóðlega endurskoðunarstaðla ISA.

Í lok fundarins skulu stjórnendur lífeyrissjóðsins víkja af fundi og endurskoðunarnefnd fundar ein með endurskoðendum.

4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun sé fylgt, m.a. að endurskoðandi lífeyrissjóðsins og eftir atvikum innri endurskoðandi, taki sér hlé frá endurskoðun hans í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og að endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

HF
SFS
AS
RK

Endurskoðunarnefnd skal móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega að hann sé óháður lífeyrissjóðnum. Nefndin skal enn fremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir lífeyrissjóðnum og leggja mat á hvort sú þjónusta komi í veg fyrir óhæði hans. Nefndin skal athuga hvort endurskoðunarfyrtækið birti árlega á heimasíðu sinni skýrslu um gagnsæi.

Í mati endurskoðunarnefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki eiga að vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinars hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

6. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal að lágmarki árlega og eigi síðar en á síðasta stjórnarfundi fyrir ársfund, gefa skýrslu til stjórnar um störf og niðurstöður verkefna nefndarinnar á árinu.

7.gr.

Annað

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem fram koma í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits í samræmi við gildandi lög og reglur sjóðsins og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings sjóðsins í samræmi við lög og önnur gild viðmið. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmenn skulu varðveita tryggilega þau gögn sem þeir fá afhent frá lífeyrissjóðnum í tengslum við starf sitt. Þegar nefndarmenn láta af störfum skulu þeir sjá til þess að gögn, sem þeir hafa mótttekið í sambandi við nefndarstörf sín komist ekki í hendur óviðkomandi.

Um hæfi nefndarmanna til að taka þátt í meðferð einstaks máls fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. gr. 5.13. í samþykktum lífeyrissjóðsins. Að minnsta kosti árlega skal nefndin meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfsreglur þessar. Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða lífeyrissjóðinn.

8.gr.

Gildistaka og breytingar

Til breytinga á framangreindum starfsreglum þarf samþykki stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Samþykkt á stjórnarfundi þann 25. nóvember 2021.




Jón Ólafur Halldórsson, formaður



Árni Stefánsson




Guðný R Þorvarðardóttir



Helga Ingólfssdóttir



Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður



Bjarni Þór Sigurðsson



Guðrún Johnsen



Sigrún Helgadóttir